

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr: 357

september 2026



**September 2026. Blað nr. 357****Fjölumdammi 109—MD 109**

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur

er opin alla virka daa frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122 Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir

Fjölumdammissjórn:

*Inga Lóa Steinarsdóttir
Fjölumdammissjórn. Inga
er félagi í Lkl. Freyju.
Eftir þu þarft að hafa
samband við hana þá
er netfangið hennar:
ingaloo75@simnet.is*



*Einar Hilmarsson
Umdammissjórn í 109A
Einar er félagi í Lkl.
Laugdæla og er með
netfangið:
einarhi@icloud.com*



*Sigríður Friðriksdóttir
Umdammissjórn í 109B.
Sigríður er félagi í Lkl.
Hrærek. Netfang
Sigríðar er:
siggaf@internet.is*

Fjölumdammissráð**Starfsárið 2026-2027**

Fjölumdammissjórn: Inga Lóa Steinarsdóttir, Lkl. Freyja
Umdammissjórn 109A: Einar Hilmarsson, Lkl. Laugdæla
Umdammissjórn 109B: Sigríður Friðriksdóttir, Lkl. Hrærek
Fjölumdammissritari: Víðir Guðmundsson, Lkl. Garður
Fjölumdammissgjaldkeri: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán
Fráfarandi fjölumdammissjórn: Anna Fr. Blöndal, Lkl. Ylfa
Vara fjölumdammissjórn: Sumarliði Ásgeirsson, Lkl. Stykkishólms
Protokollstjóri (2026-2029): Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður
Þingstjóri (2026-2029): Björn Guðmundsson, Lkl. Hængur
Markaðs- og kynningarstjóri (202-2028): Vantar
Umhverfisstjóri (2026-2027): Dagný Finnsdóttir, Lkl. Úa
Ritstjóri Lion og heimasíðu (2024-2027): Þorkell Cýrusson, Lkl. Víðarr
Netstjóri til 2027: Sigríður Guðmundsdóttir, Lkl. Iceland.is
GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Jón Pálmason, Lkl. Víðarr
GMT stjóri: (félagamál): Geirþróður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa
GST stjóri: (verkefni) Sigfríð Andradóttir, Lkl. Æsa

GET stjóri: (útbreiðslumál) Kristófer Tómasson, Lkl. Geysir
NSR-OC nefndarmaður til 2028: Þorkell Cýrusson, Lkl. Víðarr
Heilbrigðisstjóri: PID Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrv.
Alþjóðastjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar
IPID – fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður 2023-2025: Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbjörn
Heiðursjóður Guðrúnar Bjartar (formaður): Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður
Ungmennaskiptastjóri: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán
Laganefnd (form.): Lárus Pálsson, Lkl. Seyðisfjarðar
LCIF stjóri til 2027: Björn Guðmundsson, Lkl. Hængur
PIP: Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik
Medic Alert stjóri: Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn
Formaður Kjaransorðunefndar til 2028: Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán
Skoðunarmaður (aðal): Gunnlaugur Árnason, Lkl. Stykkishólms
Skoðunarmaður (aðal): Benjamín Jósefsson, Lkl. Akranesi
Skoðunarmaður (vara): Elín Halldóra Hermannsdóttir, Lkl. Æsa
Skoðunarmaður (vara): Halldór K. Hermannsson, Lkl. Grindavíkur

Varaumdammissjórn 109A: Björgvin G. Sigurðsson, Lkl. Dynkur
Varaumdammissjórn 109B: Gísli Már Gíslason Lkl. Patreksfjarðar
Varaumdammissjórn (annar) 109A: Ólafur Tryggvi Gíslason Lkl. Ásbjörn
Varaumdammissjórn (annar) 109B: Hólmfríður Guðrún Skúladóttir Lkl. Sunna

Framkvæmdastjórn Lions-hreyfingarinnar 2026 – 2027:

Alþjóðaförseti Mark S. Lyon, United States;
Fyrrverandi alþjóðaförseti A.P. Singh, India;
Vara alþjóðaförseti, Dr. Manoj Shah, Kenya;
Annar vara alþjóðaförseti Tony Benbow, Australia;
Þriðji vara alþjóðaförseti C. Robert Retby, Switzerland.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Subhash Babu, India;
Nadine Bushell, Trinidad;
Soon-Tak Choi, Republic of Korea;
Liz Crooke, USA;
Debbie Dawson, Canada;
Celina Guimarães, Brazil;
Nazmul Haque, Bangladesh;
Kuo-Yung Hsu, China Taiwan;
Dr. Mark Mansell, USA;
Drazen Melcic, Croatia;

Ryozo Nishina, Japan;
Niels Schneck, Romania;
Gary Steele, USA;
Tomoyuki Tanabu, Japan;

Hroar Thorsen, Norway;
Melissa Washburn, USA;
David W. Wentworth, USA.
Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:
Suraj Bagla, India;
Jim Barbare, USA;
Diana M. Castillo, USA;
Gregory "Greg" K. Crapo, USA;
Pedro Crisóstomo, Portugal;
Kathleen "Kathy" Dorman, USA;
Daniel Marney Elkins, USA;
Phillip Johnson, Australia;
Dae-Young Kim, Republic of Korea;
Rajan Lamsal, Nepal;
Ziyu Lin, China;
Isao Matsuoka, Japan;
Vinay Mittal, India;
Amado Amín Salej Banda, Colombia;
Ria W.J. Schutte, the Netherlands;
Rajinder "Pape" Sembi, Kenya;
S.T. Srinivasan, India;
Andreja Stojkovski, North Macedonia
Upplag: 1000 eintök þegar prentað er. – Þökkun og dreifing: Lionsskrifstofan
Umbrot: Þorkell Cýrusson
Prentun: Litlaprent ehf.
Forsíðumynd: Mark S. Lyon, United States

Ritstjórnargrein

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur.

Þá er nýtt starfsár runnið upp og flestir klúbbar byrjaðir að funda. Ýmsar breytingar eru á útgáfu blaðsins í upphafi þessa starfsárs og er grein um það á öðrum stað í þessu blaði og hvet ég alla félaga til að lesa hana. Á nýju starfsári er afar mikilvægt að klúbbar setji sér það markmið að skrifa að minnsta kosti í eitt blað á starfsárinu. Ég vænti þess að fjölumdammissjórn og umdammissjórnir skrifi í öll blöð starfsársins. Með von um gott samstarf á starfsárinu.

Netfang Lionsblaðsins er: lionsbladid@lions.is
Þorkell Cýrusson ritstjóri

Rætur okkar liggja í verkefnum

Pistill alþjóðaforseta



Kæru lionsfélagar

Verkefnin eru grunnstoð samtakanna okkar og hjartað í því hver við erum sem Lions. Á hverjum degi, í samfélögum um allan

heim, færum við góðvild, samkennd og stuðning til þeirra sem þurfa mest á því að halda. Sameiginleg skuldbinding okkar tengir okkur saman, styrkir klúbbana og minnir okkur á hvers vegna við vinnum að

mörgum ólíkum verkefnum.

Pistill minn um rætur okkar, er áminning um að halda okkur jarðbundnum í þeim gildum sem hafa leitt Lions- og Leófélaga í kynslóðir. Verkefnin skapa varanlegar breytingar og gefur okkur tilgang — en þau eiga líka að færa okkur gleði.

Sú gleði er það sem heldur okkur virkum ár eftir ár. Með því að vinna saman að verkefnum byggjum við vináttu, sköpum minningar sem endast og gerum raunverulegan mun í samfélögum okkar og í eigin lífi.

Á þessu ári hvet ég þig til að finna ný verkefni, bjóða öðrum að taka þátt og gefa þér tíma til að njóta vináttunnar og tengslanna sem gera það svo gefandi að vera Lion eða Leó. Áhugi og eldmóðurinn sem við færum í starfið getur hvatt fleiri til að taka þátt og hjálpað klúbbunum okkar að vaxa og

styrkjast enn frekar. Sterkir klúbbar byggjast á virkum verkefnum, hlýlegri samveru og skuldbindingu við að mæta þörfum samfélagsins. Þegar fólk sér Lions og Leófélaga að störfum sér það bæði áhrifin sem við höfum og tilganginn sem sameinar okkur sem alþjóðleg samtök.

Takk fyrir þína skuldbindingu og allt sem þú gerir. Ég hlakka til með mikilli eftirvæntingu til ársins fram undan og alls þess sem við munum ná saman.

Vinarkveðjur

Mark S. Lyon alþjóðaforseti
Lions

Þýðing: Þorkell Cýrusson



Lionsklúbburinn Eik

Lifandis undur ylmar birkið í Smalaholtinu vel þessa dagana. Við félagarnir í Lionsklúbbnum Eik eigum þennan undursamlega unaðsreit. Við erum svo sannarlega að njóta uppskerunnar af umhverfisverkefninu okkar á árum áður. Í dýrðarinnar veðri hlúðum við að gróðrinum, tókum saman rusl, snyrtum og klipptum greinar. En allra mest nutum við félagarnir þess að eiga saman ljúfa samverustund. Klúbbnefndin stóð fyrir dásamlegu kaffiboði með pönnukökum, rjómatertu, heitri nýbakaðri jólaköku og margt fleira.



Ungmennni frá 10 Evrópulöndum í heimsókn í Garðabæ

Í byrjun júlímánaðar voru haldnar ungmennabúðir á vegum Lions á Íslandi, að þessu sinni voru það klúbbar á svæði 6 í 109A sem eru að sjáum verkefnið og svæðistjórinn Ólafur Tryggvi Gíslason heldur utan um verkið. Þau dvöldu í skóla í Hafnarfirði á meðan á dvölinni stóð. Klúbbarnir hafa tekið að sér að sjá um og skipuleggja einn dag á sínu svæði. Við í Lionsklúbbnum Eik skipulögðum miðvikudaginn 8. júlí. Við tókum á móti þeim við Ásgarð og það voru: Hjördís Sigurðardóttir, Steinunn Jóhannsdóttir, Ása Hildur Baldvinsdóttir, Halldór Jóna Ingibergsdóttir, Erna Aradóttir og Laufey Jóhannsdóttir sem sáu um daginn.



Farið yfir upphaf byggðar og hvernig stóð á því að staðurinn upp-götvaðist. Næst lá leiðin inn á Garðatorg en þar fengum við smá hressingu og að henni lokinni fórum við og fræddumst um sýninguna á Garðatorgi sem heitir „Aftur til fortíðar“. Hér er sagt frá upphafi Íslandsbyggðar. Þetta er ágætis kynning á upphafi byggðar á Íslandi.

Minigolfkeppni á þúttvelliðum við Vífilsstaðaveg

Í lokin var svo boðið í minigolfkeppni á þúttvelliðum sem er við Vífilsstaðaveg. Þau skemmtu sér vel og bestu skorar fengu smá viðurkenningu. Áætlinin breyttist frá því sem Eikarkonur höfðu skipulagt. Þá var komið að því að halda í Hvaleyrarskóla þar sem þau hittu Elízu Reed. Eikarkonur sáu um að koma ungmennunum þangað. Að höfðu samráði við umsjónarmann búðanna bauð Lionsklúbburinn Eik upp á pizzuveislu. Þetta var hin ánægjulegasti dagur, ungmennin margs fróðari um sögu og menningu í Garðabæ. Ekki skemmdi fyrir að veðrið lék við okkur bæði milt og lygnt. Þegar þú halda síðan til síns heima það eru þau vonandi fróðari um land og þjóð á Íslandi.



Fræðsla og kynning á Hönnunarsafni Íslands

Við gengum svo saman frá Ásgarði og í Hönnunarsafn Íslands. Þar tók Bóel Hrönn Ingadóttir á móti hópnum og fræddi okkur um safnið og um íslenska hönnun og sýndi markverða gripi. Eins sagði hún frá ullaarvinnslu og fór yfir upphafið á lopapeysuprjóni og sýndi þeim eintak af ekta íslenskri lopapeysu.



Fræðst um upphaf byggðar og landnámið

Þessu næst var svo gengið upp að aðgengilegustu fornminjum á höfuðborgarsvæðinu við Hofsstaði. Svæðið skoðað og sagt frá landnámssögunni.



Fjöllumdæmisstjóri

Greinar frá embættismönnum

Inga Lóa Steinarsdóttir



Golan er aðeins farin að kólna og dagurinn stýttist sem þýðir kærur félagar að haustið er í nánd.

Tölvupóstur um fyrsta umdæmis og fjöllumdæmisfund er kominn og klúbbastarfið að fara af stað **Alþjóðapung Lions;**

Nýja starfsárið byrjaði í Hong Kong á alþjóðapunginu okkar sem var haldið að frá 2-6 júlí sl. Við vorum 9 lions félagar frá Íslandi og nokkrir fjölskyldu meðlimir sem sóttum þingið að þessu sinni. Það var nóg að gera hjá umdæmisstjórnunum okkar Einari Hilmarssyni og Sigríði G. Friðriksdóttur sem og Guðrúnu Björtu Yngvadóttur og Jóni Bjarna Þorsteinsyni. Við sáum við frekar lítið af þeim en náðum að fagna með umdæmisstjórnunum og vera viðstödd þegar þau voru sett í embættin við hátíðlega athöfn og náðum líka gæðastundum með Guðrúnu og Jóni Bjarna.

Það var nóg að snúast hjá Sumarliði Ásgeirssyni vara fjöllumdæmisstjóra við að gefa merkið okkar sem er fjórða merkið úr Landvætta seríunni. En þetta árið er það Griðungur (Vesturland) sem þýðir merkið. Sumarliði var sniðugur að laða fólk alls staðar úr heiminum, myndaði ómetanleg tengsl og kynnti Ísland með þýði.

Breytingar voru á þessu alþjóðapungi miðað við fyrri ár. Það var t.d. engin skráðganga en Tai Chi kom í staðinn og við náðum við að setja heimsmet. Hospitality kvöldið okkar var ekki bara með Norðurlöndunum eins og vanalega heldur bróðurpartinum af hinum Evrópu löndunum eða 17 talsins. Miðað við að þetta var haldið í fyrsta skipti þá heppnaðist þetta alveg með ágætum.



Alþjóðaförseti;

Mark Lyon var kosinn alþjóðaförseti á þinginu og Robert Rettby frá Sviss af sænskum uppruna var kosinn 3ji vara alþjóðaförseti. Alþjóðaförsetinn okkar kemur frá Bandaríkjunum og hefur verið lions félagi síðan 1996. Þema alþjóðaförseta í ár er: „Rooted in Service“ og bendir hann á mikilvægi þess að styrkja ræturnar, til að tréð vaxi, með sterkan stofn, margar greinar og laufi þrýtt. Þannig vill hann að við styrkjum klúbbana til að geta veitt enn betri



þjónustu til samfélagsins.

Mark og eiginkona hans Lyn koma í heimsókn til okkar 1. nóvember nk. og verða hjá okkur í 3 daga. Það verður opið hús 2. nóvember nk. frá kl. 17-19, endilega takið daginn frá og komið og hitti þau.

Lions 75 ára

Lions á Íslandi sem og lkl. Reykjavíkur varð 75 ára 14. ágúst sl. Buðu strákarnir okkar í lkl. Reykjavíkur mér að koma með þeim og leggja blóm við leiði stofnanda Lions á Íslandi, Magnúsar Kjaran í kirkjugarði Reykjavíkur. Fórum við Einar Hilmarsson, umdæmisstjóri í A-inu með þeim félögum í kirkjugarðinn og kann ég þeim góðar þakkir fyrir að leyfa okkur að fá að vera partur af þessari einstöku samverustund á gullfallegum sumardeg. Til hamingju Lions á Íslandi, við munum fagna þessum áfanga seinna á starfsárinu.

Verkefnin fram undan;

Fjölmörg verkefni og hefur GAT teymin okkar nú þegar tekið til starfa. Næst okkur í tíma er, birkifræja söfnunin og talið er að það sé fullt af fræjum til að týna. Dagný Finnsdóttir umhverfisstjóri stýrir verkefninu í samstarfi við Land og Skóga. Upplýsingar til klúbbanna koma með tölvupósti á allra næstu dögum. Dustum rykið af gulu vestunum og tókum þátt og verum sýnileg. Við hvetjum félagar til að taka þátt með fjölskyldu og vinum.

Október er mánuður sjónverndar og verður opinn fundur um „sjónvernd“ á sjónverndardaginn 8. október nk. í Hlíðarsmáranum frá kl. 16:00 -17:45. Fundinum verður einnig streymt. Við fáum til okkar Gunnar M. Zoëga, augnlæknir og lektor. Gunnar sérhæfir sig í hornhimnu-, sjónlags- og skurðaðgerðum á augum, með sérstaka áherslu á augnþurrk. Hann stýrir hornhimnudeild augndeildar Landspítalans. Hann mun fræða okkur um augnsteins aðgerðir og taka spjallið eftir á. Endilega takið daginn frá, komið í kaffi, fræðslu og spjall.

Nóvember er mánuður sykursýkisvarna og **skora ég á alla lions klúbba** að taka þátt. Sykursýki eykst frá ári til árs og mælingar Lions skipta miklu máli í forvörnum. Allar upplýsingar um mælingarnar fara til Landlækniseimbættisins til skráningar.

Tökum þátt - björgum mannlífum. Friðarveggsþjaldakeppnin er komin á fullt og póstar hafa verið sendir í skólanna og vonumst við eftir góðri þátttöku. Þemað í ár er Sátt í mannlegum sam-



skiptum. Verðlaunin eru ekki að verri endanum en fyrir bestu myndina er 30.000 kr. gjafabréf.

Svo að sjálfsögðu fer myndin í alþjóðakeppnina.

Gleraugnasöfnun hefur gengið vonum framar síðustu ár og verða mörg kíló af gleraugum send til Danmerkur í október. Endilega haldið á fram að safna og komið gleraugum til okkar. Við munum setja fókus á þetta eftir áramótin. Fræðsluteymið er á fullu að setja upp dagskrá fyrir starfsárið. Stefnt er á að gefa svæðum og klúbbum tækifæri til að fá fræðslu til sín. 2 nýir kennarar eru komnir í teymið, Sumarliði Ásgeirsson og Sigríður Guðmundsdóttir og eru þau spennt að fá að koma til ykkar hvort sem það staðarfundur eða streymisfundur, það sem hentar ykkar þörfum. Endilega hafið samband því það er nóg af fræðslu í boði og munið hvað er sagt, „menntun er máttur“.

Samstarf Lions fjöllumdæmanna á Norðurlöndunum, NSR;

Ísland eru gestgjafar Norðurlandaráðs (NSR) þings þetta árið. Sem verður á Parkinn hótelinu í Keflavík 3ju helgina í janúar 2027. Það eru 10 ár síðan sem staðarþing var haldið síðast á Íslandi. Við eigum von á lions félögum frá öllum Norðurlöndunum og Evrópu og ég vonumst við að sjá fullt af íslensku lions félögum einnig. Til að sjá og upplifa Norðurlanda samstarf í verki.



Þingið veður kynnt enn fremur seinna á haustmánuðum.

Evrópuþingi (Europa forum);

Verður haldið í Karlshöhe 22-25. október nk. Þemað er „Water means life“. Fjöllumdæmisstjóri og ungmennaskiptastjóri sitja þingið fyrir hönd fjöllumdæmisins. Þingið er opið öllum lions félögum. Kynnið ykkur hvað fer þar fram, kikið á dagskránnar og aldrei að vita en þið skellið ykkur með. <https://ef2026.de/en/homepage/>

Öflug saman í þágu samfélagsins eru einkunnarorð mín í ár. Við Lions erum einstök hreyfing og látum ekki okkar liggja í þágu samfélagsins, margar hendur vinna létt verk.

Ég vona að sumarfríið hafið verið ykkur ljúft og þið séuð tilbúin í starfið í vetur hlakka til að hitti ykkur öll eftir sumarfrí og vinna með ykkur í vetur.

Umhverfisstarf Lions á Íslandi í sókn

Dagný Finnsdóttir, umhverfisstjóri

Frá upphafi Lions á Íslandi hafa umhverfismál skipað stóran sess í starfi klúbba.

Starfsárið 2025–2026 var þar engin undantekning. Víða um land tóku Lionsfélagar þátt í verkefnum sem stuðla að vernd og endurheimt náttúrunnar, hvort sem um var að ræða söfnun birkifræja, hreinsunarátök eða önnur umhverfisverkefni í nær-umhverfinu.



Eitt af þeim verkefnum sem hefur fest sig í sessi er samstarfsverkefnið *Söfnun og sáum birkifræ*, sem Lions á Íslandi hefur unnið að með Land og skógi og skógræktarfélagum frá árinu 2020. Verkefnið er einfalt í framkvæmd en mikilvægt fyrir framtíðina. Með því að safna birkifræjum leggja Lionsfélagar sitt af mörkum til endurheimtar birkiskóga landsins og stuðla að aukinni gróðurþekju og líffræðilegri fjölbreytni.

Á haustmánuðum lögðu Lionsfélagar víða um land leið sína í birkikjarr til að kanna fræstöðu og síðar safna fræjum. Veðurfar og árferði höfðu áhrif á uppskeruna og var hún misjöfn eftir landshlutum. Þrátt fyrir það var árangurinn góður. Þegar upp var staðið höfðu klúbbar safnað um 12 lítrum af birkifræjum, eða um 400 þúsund fræjum, sem síðar verða nýtt til sáningar og uppgræðslu.

Formleg söfnun fór fram þetta starfsárið 30. september á Kjalarnesi með þátttöku Lionsfélaga úr Grindavík, Mosfellsbæ og Lionsklúbbum Úu í Mosfellsbæ. Þar ríkti góður andi og samstaða sem einkennt hefur verkefnið frá upphafi. Víðar um land lögðu Lionsfélagar sitt af mörkum og sýndu enn á ný að þegar kallað er eftir sjálfbærni eru Lionsfélagar tilbúnir til verka.



Umhverfisvika er sameiginlegt átak 18.-26. apríl á alþjóðavísu.

Í apríl var alþjóðleg umhverfisvika Lions haldin um allan heim. Að þessu sinni stóðu Norðurlöndin saman að kynningu verkefnisins og hvöttu klúbba til þátttöku. Á Íslandi skipulögðu klúbbar hreinsunarátök, söfnuð rusli í nær-umhverfi sínu, meðfram þjóðvegum og stóðu fyrir ýmsum verkefnum sem tengdust endurnýtingu og umhverfisvitund. Slík verkefni hafa oft meiri áhrif en ætla mætti við fyrstu sýn. Þau skapa samkennd, efla samfélagsábyrgð og minna okkur á að litlar aðgerðir margra geta haft stór áhrif þegar saman kemur.

Öflugt samstarf til framtíðar
Á árinu var einnig unnið að því að efla samstarf Lions og Lands og skógar enn frekar. Á Lionsþinginu á Laugarvatni var undirrituð viljayfirlýsing um áframhaldandi samstarf um söfnun og sáningu birkifræs til ársins 2030 sem stuðla að landgræðslu og skógrækt.


Jafnframt hefur verið rætt um nýja möguleika fyrir Lionsklúbba, meðal annars að taka ákveðin svæði „í fóstur“ og sinna þar uppgræðslu eða gróðursetningu í samstarfi við Land og skóg. Hugmyndin er enn í vinnslu en gæti skapað spennandi tækifæri fyrir klúbba til að taka virkan þátt í uppbyggingu gróðurs og endurheimt lands víðs vegar um landið.

Sameiginlegt framlag skiptir máli
Umhverfisstarf Lions byggir á þeirri sannfæringu að hver og einn geti lagt sitt af mörkum. Þegar hundruð Lionsfélaga vinna saman að sameiginlegum markmiðum verður framlagið sýnilegt – bæði í náttúrunni og samfélaginu.

Árangur starfsársins 2025–2026 sýnir að áhugi Lionsfélaga á umhverfismálum er mikill og að verkefnið njóta víðtæks stuðnings. Fyrir hönd umhverfisnefndar vil ég færa öllum þeim Lionsfélögum sem tóku þátt í verkefnum ársins bestu þakki. Sérstakar þakki fær Kristinn H. Þorsteinsson hjá Landi og skógi fyrir ómetanlega aðstoð og gott samstarf. Með sama krafti og samstöðu er ljóst að Lions á Íslandi mun áfram láta gott af sér leiða í þágu náttúrunnar og komandi kynslóða.

Fréttatilkynning – Samstarf um söfnun og sáningu birkifræs til ársins 2030.

Lions á Íslandi og Land og skógar hafa framlengt samstarf sitt um verkefnið „Söfnun og sáum birkifræ“ til ársins 2030. Samstarfið miðar að því að efla þátttöku almennings í endurheimt og uppbyggingu íslenskra birkiskóga. Með undirritun viljayfirlýsingar á Lionsþingi á Laugarvatni þann 30. maí 2026 staðfestu Lions á Íslandi og Land og skógar vilja sinn til áframhaldandi samstarfs um verkefnið. Markmið verkefnisins er að hvetja almennung og félagasamtök til þátttöku í söfnun og sáningu birkifræs, auka fræðslu um mikilvægi birkiskóga og stuðla að endurheimt vistkerfa og aukinni útbreiðslu íslenskra birkiskóga. Viljayfirlýsinguna undirrituðu Anna Fr. Blöndal fjöllumdæmisstjóri og Dagný Finnsdóttir umhverfisstjóri fyrir hönd Lions á Íslandi. Hreinn Óskarsson, sviðstjóri þjóðskóga, landa og innviða hjá Landi og skógi, fyrir hönd stofnunarinnar.



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Umdæmisstjóri 109A

Einar Hilmarsson, Lionsklúbbs Laugardals

Kæru Lionsfélagar



Ég vona að þið hafið haft það gott í sumar og komið endurnærð inn í Lionsstarfið nú þegar haustið er að skella á. Einhverjir klúbbar eru sennilega nú þegar byrjaðir að funda og ljóst að stjórnir klúbba almennt eru komnar á fullt að undirbúa starf vetrarins.

Lionsfélagar um allt land eru að vinna alveg ótrúlega mikilvægt starf við að bæta líf fólks, bæði í sínu nærumhverfi, um allt Ísland og svo einnig um allan heiminn í

gegnum Alþjóðahjálparsjóð Lions, LCIF. Verkefnin eru mismunand, október er t.d. mánuður sjónverndar, þá er lögð áhersla hjá Lions á að vekja athygli á mikilvægi sjónverndar og þeim verkefnum sem Lionsfélagar hér og um heim allan hafa komið að til að bæta sjón fólks. Líka má nefna blóðsykurmæl-ingarnar í nóvember sem eru afar mikilvægar og mikilvægt að allir klúbbar taki þátt í þeim, mælingarnar geta bjargað manns-lífum.

Fjárafilanir klúbba eru mismunandi en einnig allar mikilvægar. Það krefst undirbúnings að sinna öllum þessum verkefnum og þá verða klúbbfélagar að vinna vel saman og vera tilbúnir að leggja lið. En á sama tíma verðum við að muna eftir að gera

klúbbstarfið og fundina okkar skemmtilega á hvern þann hátt sem hentar hverjum klúbb, því að ef við höfum ekki gaman af því sem við erum að gera má búast við brottfalli úr klúbbum auk þess sem nýliðun getur orðið þyngri.

Lions, líkt og önnur félög sem byggja á sjálboðaliðastarfi, hefur undanfarin ár verið að missa frá sér fleiri félaga en gengið hafa í raðir okkar. En nú höfum við ákveðið að blása til sóknar og hvetjum ykkur öll til að bjóða a.m.k. einum gest á hvern fund á starfsárinu, ef viðkomandi finnst starfið áhugavert og spennandi þá gæti kviknað áhugi á að ganga í raðir okkar skemmtilegu og góðu hreyfingar.

Undanfarin 2 ár hefur ekki verið starfandi Lionsklúbbur í Rang-árvallasýslu. Úr því viljum við bæta og nú hefur stefnan verið sett á að ná að stofna klúbb þar fyrir áramót. Þetta er verkefni sem kallar á samvinnu margra félaga sem og að ná góðri tengslamyndun í Rangárvallasýslu. Ef þið hafið góðar tengingar við einhverja sem búa í sýslunni og þið teljið líkleg til að vilja taka þátt í starfinu okkar endilega hafið þá samband við mig eða fulltrúa okkar sem koma að félagafjölgun, allar tengingar hjálpa.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem tekið hafa að sér að sinna stjórnarstöðum fyrir klúbbana sína sem og þeim sem tekið hafa að sér störf fyrir umdæmið kærlega fyrir og ég hlakka til að vinna með ykkur á þessu starfsári. Áfram Lions

Umdæmisstjóri 109B

Sigríður Friðriksdóttir

Haustlitadýrð



Það er að koma haust. Mér finnst haustið fallegasta árstíðin. Með haustinu hefst líka starfið í Lions. Á landsþinginu okkar á Laugarvatni í vor lofaði ég að leiða umdæmið okkar þetta starfsár. Ég stend við það eftir bestu getu en ég þarf að biðja ykkur kæru félagar, um landið vítt og breitt, að standa með mér í þessu.

Hvernig? Hafið samband við mig og aðra, um allt og ekkert tengt Lions, myndið

tengsl með öðrum klúbbum, gerið það sem er skemmtilegt, njótið samveru, segið frá og verið dugleg að fara á félagsfundi, svæðisfundi og umdæmisfundi. Það er upplifun að koma á landsþing sem er haldið árlega að vori og kynnast öðrum lionsfélögum um allt land. Það er samkoma fyrir alla félaga í Lions. Stóra verkefni ársins er að efla og fjölga félögum og halda áfram okkar styrka starfi með því að leggja lið í samfélaginu. Fyrir liggur að stofna þrjá 10 manna klúbba í umdæminu okkar. Ég tek glöð á móti öllum hugmyndum og tillögum og aðstoð í því efni.

Eitt af fyrstu verkefnum okkar á haustin er að safna birki-fræjum. Dagur íslenskar náttúru er 16. september. Vonandi verður fræmyndun góð svo við getum safnað fræjum langt fram

eftir hausti.

Við umdæmisstjórnarnir þrír í B-umdæminu erum að undirbúa heimsóknir í klúbbana. Ég hlakka til að hitta ykkur félagana og taka spjallið um gang mála, verkefnin, málefnið og starfið. Ég vonast líka eftir góðri þátttöku ykkar í skólum fræðsluteymisins okkar. Skólarnir styrkja okkur ekki bara í lionsstarfinu, þeir styrkja okkur líka persónulega sem einstaklinga.

Ég vonast eftir góðu samstarfi í vetur. Einkunnarorðin mín eru: "Hlið við hlið – gerum þetta saman".

"Rooted in service" eru einkunnarorð alþjóðaforseta okkar, Mark S. Lyon.

Við erum sterkust saman, er það ekki?

Með lionskveðju



GST— Verkefnastjóri Lions á Íslandi

Sigfríð Andradóttir GST—MD 109



Alþjóðlegar verkefnavikur

Alþjóðaförseti Lions hefur ákveðið þrjár sérstakar verkefnavikur á starfsárinu:

- 8.-18. október 2026:** Sjónvernd
- 13.-21. febrúar 2027:** Ungmennaverkefni
- 29. maí-6. júní 2027:** Umhverfisverkefni

Verkefnavikurnar verða nýttar til að vekja athygli á þessum mikilvægu málaflökkum og hvetja klúbba landsins til að standa fyrir fjölbreyttum þjónustuverkefnum og viðburðum sem tengjast áherslunum.

Glæraugnasöfnun - Fyrsta vikan er um sjónvernd og okkur langar til að hvetja alla klúbba til að kíkja niður í skúffur og inn í skápa, geymsluna, bílskúrinn hvar sem slík gull geta verið. Talið við fjölskyldu og vini, farið á elli- og hvíldarheimili í ykkar heimabyggð og athugið hvort ekki leynast glæraugu þar. Munið bara að skrá þetta sem verkefni á Lion Portal. Komið svo glæraugunum á Lionsskrifstofuna, Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi.



Á alþjóðlega sjónverndardeginum 8. október verður Gunnar Zoega augnlæknir með fyrirlestur um augnsteinsaðgerðir í Lionsheimilinu að Hlíðasmára 14 kl. 16:00.

Hvetjum við sem flesta til að mæta á hann.

Friðarveggsþjaldakeppni Lions

Friðarveggsþjaldakeppni Lions er keppni sem er bæði innanlands og alþjóðleg. Við í verkefnateyminu erum búin að senda á flesta skóla landsins bréf með upplýsingum þar sem vakinn er



athygli á þessari keppni. Skólar eru beðnir um að tilkynna þátttöku á netfangið gst@lions.is

Fulltrúar frá Lions munu hafa samband við þá skóla sem skrá sig til þátttöku í verkefninu og velja, með aðstoð fagfólks, einn sigurvegara úr hverjum skóla og þau verk eru síðan metin af dómnefnd sem velur eitt verk frá Íslandi til að verðlauna hér heima og senda í alþjóðakeppnina.

Lokadagsetningar

Þau verk sem ekki uppfylla þessar dagsetningar og skilyrði verða dæmd frá keppni.

20. nóvember 2026

Síðasti skiladagur til Lions.

1. febrúar 2027

Vinningshafar fá tilkynningu þennan dag eða fyrr.

Þemað árið 2026/27 er „Sátt í mannlegum samskiptum“ eða „Harmony in Humanity“

Dömbindi í Afríku

Á síðasta ári fórum við að stað með verkefnið: dömbindi fyrir stúlkur í Afríku.

Það er ekki að spyrja að því að lionsfélagar tóku vel í þetta verkefni og hafa nú þegar safnast nokkur hundruð dömbindi. En þetta er verkefni sem mun halda áfram þar sem að eftirspurnin minnkar ekki heldur vex. Eins og komið hefur fram er þetta mannréttindamál fyrir þessar stúlkur að fá þessi bindi svo þær geti gengið í skóla eins og drengirnir. Verkefnateymið er búið að fá nýjar leiðbeiningar bæði fyrir **prjónuð** bindi en líka **heklud**.

Uppskriftirnar eru á vef lions.is: <https://www.lions.is/is/verkefni/taka-2>



Lionsklúbburinn Iceland.is

Lionsklúbburinn Iceland .IS hefur undanfarin tvö ár, með hléum, séð um veitingar á ýmsum fundum og viðburðum í Lionsheimilinu. Þá sérstaklega umdæmis- og fjölmundæmisfundum. Þar höfum við eldað, framreitt mat og vaskað upp svo marga diska að þeir myndu ná hálfra leið til tunglsins. Lionsfólk eru miklir matgæðingar og því skiptir máli að bjóða upp á bragðgóðan, seðjandi og næringaríkan mat. Félagar í Lionsklúbbum Iceland .IS eru þakklát fyrir að fá að taka þátt í þessu verkefni, sem er okkar helsta fjáröflun. Það gefur okkar félögum tækifæri til að kynnast Lions betur, bæði fólkinu og hinum ýmsu verkefnum. Þó svo að við breytum eldhúsinu í félagsmiðstöð og slúðrum og flissum milli máltíða, þá liggjum við oft við hlustir á eldhúshurðinni og hlustum á ýmis fróðleg erind og skemmtatriði. Við viljum ítreka þakklæti okkar og vonumst til fleiri gæðastunda í eldhúsinu. Á umdæmis- og fjölmundæmisfundum 5. september s.l. höfðum við umsjón með veitingum. Þar var boðið upp á fjölbreytt úrval af kexi í morgunhressingunni og vöflur síðdegis. Stjarna matseðilsins var hádegismaturinn. Í boði var kjúklingapasta í rjómasósu með hvítlauksbrauði, sem mætti fullyrða að sló í gegn! Okkur langar til að deila með ykkur uppskriftinni, sem þið finnið hér að neðan. Hugheilar lionskveðjur, Félagar í Lionsklúbbum Iceland .IS

Kjúklingapasta í ostasósu fyrir 4

Útfærsla með hreinum rjómaosti, steiktri papriku og papriku og chilíkyrddi í sósunni. Hráefni • 500 g penne pasta • 3–4 kjúklingabringur • 100 g sölþurrkaðir tómatar í olíu • 1 spergilkálshaus • 1 rauð paprika, skorin í bita • 2–3 hvítlauksgeirar, saxaðir eða pressaðir • 2 dl matreiðslurjómi • 200 g rif-

inn mozzarellaostur • 100 g hreinn rjómaostur • 2 dl pastavatn, eða eftir þörfum • Paprikukrydd • Childuft eða chilíflögur, eftir smekk • Salt og pipar • Smá olía til steikingar, gjarnan olía af sölþurrkuðu tómötunum
Aðferð 1 Steikið paprikuna. Hitið pönnu vel með örlítilli olíu. Steikið paprikubitana í nokkrar mínútur þar til þeir mýkjast og fá dökka, steikta fleti. Takið af pönnunni og geymið. 2 Sjóðið pastað. Sjóðið penne samkvæmt leiðbeiningum á umbúðum þar til það er al dente. Takið frá um 2 dl af pastavatninu áður en pastað er sigtað. 3 Eldið spergilkálið. Skerið spergilkálið í litla bita. Sjóðið eða blanchið það stuttlega þannig að það verði meyr en haldi enn góðri áferð. 4 Steikið kjúklinginn. Skerið kjúklingabringurnar í hæfilega bita. Kryddið með salti, pipar og paprikukryddi. Steikið í olíu, gjarnan olíu af sölþurrkuðu tómötunum, þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn og hefur fengið góðan lit. 5 Gerið sósuna. Lækkið hitann. Steikið hvítlaukinn stuttlega án þess að brúna hann. Bætið matreiðslurjóma og hreinum rjómaosti út á og hrærið þar til rjómaosturinn hefur bráðnað. Bætið mozzarella út í og látið bráðna við vægan hita. 6 Kryddið sósuna. Bætið paprikukryddi og chilídufti eða chilíflögum út í eftir smekk. Smakkið til með salti og pipar. 7 Þynnið með pastavatni. Bætið pastavatninu smám saman út í sósuna þar til hún er silkimjúk og hæfilega þunn. Ekki er nauðsynlegt að nota allt vatnið. 8 Blandið saman. Bætið pasta, kjúklingi, spergilkáli, steiktri papriku og sölþurrkuðu tómötum út í sósuna. Blandið vel saman og hitið þar til allt er vel heitt. 9 Berið fram. Smakkið aftur til og berið fram strax. Gott er að bera réttinn fram með parmesanosti og hvítlauksbrauði.

LCIF PISTILL

Skörun þjónustu og þátttöku LCIF og Special Olympics fagna 25 ára samstarfi

Eftir Shelby Washington

Áhrifamestu samstörf okkar spretta af þeirri djúpu sannfæringu að Lions geti haft áhrif, og að slagorðið „Þar sem þörfer, þar er Lion“ geti orðið að veruleika aftur og aftur um allan heim. Lions skynjar þarfir samfélagsins á grasrótastigi og trúa því að hægt sé að mæta þeim með framsýnni hugsun og verkefnum.

Fyrir tuttugu og fimm árum sá lionsmaðurinn Dr. Paul Berman slíka þörf og stofnaði Lions Clubs International Foundation (LCIF) – Special Olympics Opening Eyes® verkefnið. Þetta var fyrsta sjónheilsuáætlunin sem þróuð var sérstaklega fyrir fagfólk í augnvísindum til að móta bestu starfsvenjur í meðferð einstaklinga með þroskahömlun. Með því að bjóða Special Olympics íþróttafólki upp á sjónmælingar fengu augnvísindamenn dýrmæta reynslu, og íþróttafólkið fékk hágæða þjónustu – án endurgjalds.

Draumur Dr. Berman um að bæta aðgengi að sjónþjónustu fyrir fólk með fötlun hefur nú orðið að veruleika: meira en **475.500** sjónmælingar hafa verið framkvæmdar og **281.000** gleraugu með styrkleika hafa verið veitt Special Olympics íþróttafólki án endurgjalds. Síðan 2013 hafa Special Olympics og LCIF víkkað samstarfið til að ná yfir fleiri svið alþjóðlegrar samvinnu en sjónheilsu eina.

„Í gegnum árin hefur LCIF veitt Special Olympics meira en **30 milljónir Bandaríkjadala** til verkefna á borð við Opening Eyes, Unified Sports®, Motor Activities Training Programs (MATP), Unified with Refugees, Athlete Leadership, Family Health Forums, ungmennaverkefni og svo margt fleira,“ sagði A.P. Singh, stjórnarformaður LCIF. „Við höfum fjárfest í samstarfi sem hefur víkkað sýn okkar á þátttöku, skapað vettvang fyrir Lions- og Leófélaga til að starfa hlið við hlið með Special Olympics íþróttafólki og fjölskyldum þeirra, og aukið aðgengi að samfélagsþjónustu fyrir þá sem þurfa mest á henni að halda.“

Meira en **23.000** Lions og Leófélagar hafa starfað sem sjálfbodaðir hjá Special Olympics frá upphafi samstarfsins. Í gegnum fjölbreytt samstarfsverkefni hafa Special Olympics íþróttafólk og starfsfólk fengið innblástur til að ganga í Lions og Leóklúbba og leggja sitt af mörkum í heimabyggð.

„Hjá Special Olympics erum við afar þakklát fyrir þetta áhrifamikla, alþjóðlega samstarf við stærstu, virkustu og þjónustusamtök heims,“ sagði David Evangelista, forstjóri Special Olympics. „Mörg samtök

styðja einstaklinga með þroskahömlun sem þiggjendur þjónustu, sem við kunnum vel að meta. Það sem gerir Lions Clubs International einstök er áherslan á að virkja þessa einstaklinga sem virka þátttakendur í þjónustu – að þeir fái að nýta hæfileika sína og styrkleika í þágu samfélagsins sem Lions. Ég trúi því að einmitt á þessari skörun þjónustu og þátttöku séum við að breyta heiminum.“
Þýðing: Þorkell Cýrusson



Lions Clubs International
FOUNDATION

Dánarfregnir



Minningargreinar um láta félaga eru birtar á heimasíðu Lions ([lions.is](https://www.lions.is)) Undir flípanum „Minningar“ - „Minningargreinar“. Hér er slóðin: <https://www.lions.is/minningarkort/minningargreinar>

Látnir félagar:

Haflíði Ólafsson
Lionsklúbb Dalvíkur

Kristján Óskarsson
Lionsklúbb Reykjavíkur

Guðlaug Guðjónsdóttir
Lionsklúbbum Ýr, Kópavogi

Skilafrestur á efni í næsta blað er 29. október


Lionsklúbburinn Kaldá Keldá 40 ára

Lionsklúbburinn Kaldá hélt upp á 40 ára afmæli 20. febrúar s.l. með veglegri afmælishátíð sem jafnframt var fjáröflun. Hátíðin var vel sótt og skemmtileg enda frábær veislustjóri, góður matur og í lokin var sungið og dansað með topp trúbador. Auk þess var happdrætti og listmunauppböð. Hátíðin þótti takast með afbrigðum vel og ágóðinn 1 milljón króna fór í styrk til Ljóssins. Lionskonur þakka þeim fjölmörgu sem styrktu klúbbinn í þessu verkefni.

Við tókum þátt í Umhverfisvaktinni hér í Hafnarfirði og „Plokkuðum“ Norðurbæinn og að lokum var farið í afmælisferð til Færeyja þar sem við hittum lionsfélaga og skemmtaum okkur saman.

Hér má sjá myndir frá ferðinni:

Jórunn Jörundsdóttir



Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.
Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.
Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Lions-ferðir: Að leggja lið saman

Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrirverandi Alþjóðaforseti Lions



Lions-ferðamennska

Ákveðinni nýjung í Lionsstarfinu hefur verið hleypt af stokkunum „Service Tourisme“. Lionsfélagar eru hvattir til að ferðast saman til að leggja lið. Lions-ferðamennskan er eins konar áttak í því að hafa það skemmtilegt, á sama tíma og við látum gott af okkur leiða. Við erum í Lions til að leggja lið, en það er svo margt annað í Lions, svo sem vináttan, samveran og tengslanetið, við lærum margt nýtt og höfum við það gaman saman. Og þetta nýja áttak er hvatning til Lionsfélaga að ferðast saman í anda Lions.



Ferðumst og leggjum lið

Þetta er splunkuný nálgun á samskiptum hjá Lions, og hvatning til að leggja lið saman. Þetta var kynnt í fyrsta skipti á alþjóðþinginu s.l. sumar, en var í undirbúningi s.l. vetur, en á sér nokkurra ára aðdraganda. Á Evrópu-þingi Lions í október er ennþá vakinn athygli á þessu nýja tækifæri í starfinu okkar.



Lagt lið í Marokkó

Þessi mynd er frá því í febrúar 2025, þegar 60 Lionsfélagar alls staðar að úr heiminum komu saman í Marokkó. Eins og venjulegir ferðamenn, þá skoðuðu þau landið, borgina, menninguna, borðuð matinn og hlustaðu á tónlist o.s.frv., en eitt í viðbót: "Að leggja lið". Þau unnu að verkefnum fyrir þá sem minna mega sín í Marokkó, m.a. gáfu svöngum mat, og gáfu börnum bækur; buðu upp á mælingar á sjón og blóðsykri o.fl.



Einu sinni var

Við Íslendingar erum góð í að ferðast. Sú var tíðin að Íslendingar fóru helst í sólarlandaferðir og lágu á sólarströnd allt fríð, eða fóru í verlsunarferðir og gerðu rosa-góð kaup. Hver man ekki þetta?



Áhugamál

Svo bætti ferðabransinn við fleiri möguleikum, ýmsu sem tengdist **áhugamálum** fólks. Allt er hægt að gera, fara í golf eða í fjallgöngur; fara í skíðaferð, hjólaferð, eða vinsmökkunarferð; að njóta menningar, til dæmis að fara á listsýningar og söfn, eða á Wagner-tónleika í Þýskalandi eða Country í Nashville.



Heilsuferðir

Ennþá fleiri tækifæri bættust við, þegar heilsuferðabjónustan bauð upp á ferðir til að fá betra útlit. Þar má nefna, ef þú vilt fá meira hár eða minni maga, eða fallegra bros.

Og nú er rétti tíminn til að segja ykkur frá ennþá betri liðan, með því að fara í Lions-ferðir og leggja lið í leiðinni. Það er hámark velliðunnar, þegar maður hefur gert eitthvað fyrir aðra.

Nokkur Lions-dæmi:



Loftbelgir í Búlgaríu

Lions í Búlgaríu standa fyrir Loftbelgjahátíð í september til að afla fjár vegna barna í vanda. Það er svarið í loftbelgjum yfir ægífögur náttúruferirbrigði, sem eru Belogradchik-klettarnir. Boðið er upp á allskonar lystisemdir í þessu ævintýri og

allur ágóði fer til að styrkja börn í vanda í Búlgaríu, og þar er nóg af vandamálum, sem er frábært að styrkja um leið og maður nýtur ferðalagsins.



Sigling á Adriahafi

Annað dæmi frá Evrópu er „Regatta“ í Króatíu. Siglingakeppnin er á Adriahafinu í apríl á hverju ári og er „Siglt gegn fíkniefnum“ og ágóðinn fer til vímuvarna í Króatíu. Það er fjölbreytt dagskrá alla fjóra dagana, siglt á daginn og gleði og gaman á hverju kvöldi. Áhafnir eru frá ýmsum Evrópulöndum, oftast blandaðir hópar, eins og efri myndin sýnir.

Neðri myndin sýnir hóp kvenna, í hvítum bolum með merkinu „Kili for Kids“ þessi kvenna-hópur tók þátt í síðustu siglingakeppninni, til að styðja Lions í Króatíu; en aðalmálið hefur verið að klífa fjöll til að afla fjár fyrir börn, sem búa við neyð í Afríku og Nepal. Svölitið meira um þetta:



Fjallaklifur

Þessar konur í Lions hafa klifið 3 fjöll yfir 5.000 metra há. Fyrsta skiptið 2018, til að sýna stuðning við fyrstu konuna sem varð alþjóðaförseti Lions. Þær sögðu: „Stelpur, Guðrún fer á toppinn, við gerum það líka“. Þær klifu Kilimanjaro, til að afla fjár fyrir skóla í Kenya. Síðan eru þær búnar að klífa Mount Kenya og Everest grunnbúðir. Næsta fjallaklifur er 9.-14. september 2026, á norður Indlandi (Himalaya). Hópurinn „Kili for Kids“ sem klífur fjöllin eru bara konur, en karlar eru velkomnir sem aðstoðarmenn, myndatökumenn og góður félagsskapur. En allir geta lagt fram fé til stuðnings fátækum börnum. Þessi fjallganga í Himalaya mun byggja skóla fyrir fátæk börn í Himalaya.



Ferðast um Íslandi

Við getum gert sambærilega hluti innanlands, ferðast um Ísland og lagt lið víðar en í heimabyggð. Sumir klúbbar hérlandis eru í vináttu-sambandi við aðra klúbba á landinu og vinna að verkefnum saman.

Allar þessar Lions-ferðir eru bara á vegum umdæma eða einstaklinga, ekki formlega á vegum alþjóðasamtakanna (skrifstofunnar) og eru kynnt á samfélagsmiðlum. Ef einhver hefur áhuga á að kynna sér þetta nánar, get ég aðstoðað.



Nýsjálendingar planta trjá

Margir Lionsfélagar koma til að skoða Ísland og vilja LEGGJA LIÐ með okkur í leiðinni. Á þessari mynd eru Lionsfélagar frá Nýja Sjálandi að planta trjá. Margir hafa samband við mig og ef ég er heima gerum við eitthvað saman, annars finn ég oftast einhver sem er á landinu og til í tuskid.



Margfaldur ávinningurinn

Svona í lokin, til að ramma þetta inn, þá er ávinningurinn af Lions-ferðunum margfaldur. Ekki bara „ennþá meira gaman í Lions“, og ennþá meiri stuðningur við þá sem minna mega sín. En líka að „styrkja alþjóðlegt samstarf“ t.d. með því að mynda vinaklúbba. Hver félagi og hver klúbbur verður sterkari, því við skiptumst á hugmyndum og styrkjum sköpunar-kraftinn. Öll samvinna margfaldar áhrifin og ávinninginn, bæði í heimabyggð og á heimsvísu. Lions ferðir – til að leggjja lið saman.

Guðrún Björt Yngvadóttir

Lionshreyfingin á 75 ára tímamótum

Lionsklúbbur Reykjavíkur er 75 ára stofnaður 14. ágúst 1951 af ellefu stofnfélögum. Í fyrstu stjórn LKR var Magnús Kjarran formaður, Guðbrandur Magnússon gjaldkeri og Hersteinn Pálsson ritari. Magnús hafði kynnt Lionsstarfi í New York árið 1943 er hann sótti ráðstefnu kaupsýslumanna. Margir fundarmenn báru berki Lions í barmi sem hann vildi fræðast um. Viðmælandi Magnúsar lofaði að sjá svo um að Magnús fengi send gögn um Lionshreyfinguna. Stríðsárin höfðu truflandi áhrif á félagsstarf svo að hugsjón Magnúsar rættist ekki fyrr en friður komst á í Evrópu. En þá var mjög brýnt að treysta vináttubönd meðal þjóða og klúbba félaga. Ótal líknarverkefni hrópuðu á aðstoð velviljaðra samtaka.

Á fyrsta starfsári LKR ákváðu klúbbfélagar að leggjja blindum lið, verkefni á því sviði voru mörg fjölbreytt þar á meðal kynning á staf blindra, hvíta stafnum. Við það tækifæri sagði Þorsteinn Bjarnason, formaður Blindrafélags Íslands: „Spor er stigið lengra en við höfum áður komist. Þið hafið gefið blindum leiðarmerki. Við þökkum líknarhuginn sem að baki býr.“ Auk þess var augndeild Landakotsspítla „tekin í fóstur“ af LKR. Lengi vel voru flest tæki augndeildar gjöf frá Lionsfélögum. Er Lionshreyfingin á Íslandi seldi Rauða fjöður í fyrsta sinn 1972 var tekjum varið til kaupna á tækjum fyrir augndeild Landakotsspítala. Auk þess hefur LKR tekið á við fjölmörg önnur mannúðar- og menningarverkefni á 75 ára velferð í takt við samfélagsbreytingar í þjóðfélaginu. Við félagar í LKR, sem gengum í Klúbbinn

á 8. áratug síðustu aldar eða fyrir nærri 50 árum, kynntumst mörgum af frumherjum í LKR og Lionshreyfingunni, þar á meðal Einvarði Hallvarðssyni, sem var hægri hönd Magnúsar Kjarran. Einnig Páli Ásgeiri Tryggvasyni sendiherra, Eyjólf K. Sigurjónssyni endurskoðanda, Gísla Halldórsyni arkitekt, Gunnari Friðrikssyni forseta Slysavarnarfélags Íslands og Einari Sæmundssyni sem var formaður 1977 á sama tíma og hann var formaður KR. Þá fjölmenntu KR-ingar í LKR svo að biðlisti myndaðist. Við vorum orðnir 63 félagar þegar fjölmennast var.

Ég minnst þess þegar ég var formaður í fyrsta skipti 1983-1984 að Einvarður óskaði eftir privat viðtali við formanninn. Ég hugsaði; nú verður þú rekinn Sigurður – annað hékk á spýttunni; Einvarður hafði áhyggjur af framtíð LKR og Lions á Íslandi. Alvarlegur í viðmóti lagði hann hönd á öxl mína og sagði: „Eg treysti þér og þínum félögum fyrir því að LKR verði ekki lagður niður.“ Ég glotti við tönn og fannst áhyggjur hans óþarfar. Nú eru liðin 45 ár frá þessum fundi – og ennþá dafnar LKR, en Einvarður var sannspár um framtíðarvanda í félagsstarfi almennt á Íslandi. Margt er í boði og félög keppa um sálirnar. Ungt fólk er upptekið að kom sér fyrir í samfélaginu svo að félagaþátttaka biður síðari tíma.

Okkar heppni var að kjarninn í Skíðadeild KR gekk til liðs við LKR um síðustu aldamót. Gæti verið fyrirmynd annarra Lionsklúbba. Kippa inn einum sauma-klúbba eða íþróttadeild. En betur má ef duga skal, tíminn liður og félögum fækka.

Á 75 ára tímamótum, afmælisári, er kjörið tækifæri til hvatningar til góðra verka. Framtíð kemur úr grasróttinni með hugsjón sem höfðar til fjöldans sem vill leggjja hönd á plóg og tekur undir sigilt markmið Lions: VIÐ LEGGJUM LIÐ. Minnst frumherjanna sem greindu þörfina fyrir hjálparhönd – hún er ennþá til staðar. Einkunnarorð Lionsklúbbs Reykjavíkur: „Lýsum þeim sem ljósið þrá en lifa í skugga,“ er enn í fullu gildi. Megi Lionshreyfingin vaxa og dafna með jákvæðu starfi sínu um alla framtíð.

- Kveðja frá Lionsklúbba Reykjavíkur, Sigurður B. Oddsson, ritari.



Á myndinni eru: Einar Hilmarsson, umdæmissjóri, Inga Lóa, fjölumdæmissjóri og félagar í Lionsklúbba Reykjavíkur; Ragnar Arnbjörnsson, Þorsteinn Ragnarsson, Steingrímur Gröndal, Guðjón Ólafsson og Sigurður B Oddsson.

Orkester Norden á Íslandi 2026

Anna Fr. Blöndal



Kæru Lionsfélagar ég óska ykkur skemmtilegs og árangursríks starfs á starfsárinu sem er að fara af stað um leið og ég þakka fyrir síðasta ár. Venjulega er lægð í Lionsstarfinu yfir sumarið en ekki í þetta sinn. Eitt stærsta verkefni Lionshreyfingarinnar á Íslandi var í gangi frá 16. – 28. Júlí. Orkester Norden á Íslandi. Flestir vita sjálfsagt út á hvað verkefnið gengur og tilurð þess en vel þess virði að fara aðeins yfir það – upplýsingar er að finna á www.lions.is. Eftir undirbúning í nær tvö ár var verkefnið Orkester Norden keyrt á Íslandi, nánar tiltekið 16 – 28 júlí, í fyrsta og eina sinn, líkast til. Ítarlegur undirbúningur og skipulagning borgaði sig því allt gekk eins og best verður á kosið. En undirbúningur einn dugar ekki til að reka verkefni eins og þetta. Það þarf mannafla og Lionsfélagar stigu sannarlega inn af krafti með gleði og jákvæðni. Kærar, kærar þakkar til ykkar allra sem lögðu lið, gáfuð tíma ykkar og orku í verkefnið og ekkert bara á Akureyri.

Svör:

1. They are the best!
2. People were extremely welcoming and generous
3. The best of the best
4. It was a pleasure to spend our time in Iceland with members of the Lions Clubs in Akureyri. I really appreciate how they cared about organizing the course, transport, activities and all other important things. If there will be another ON edition happening in Iceland, I would love to go to Akureyri again.
5. It was beautiful to see so many caring and open hearted people, I'm very grateful for all their help
6. The only feedback I can give them is that they're all amazing human beings and it was an honour to be hosted by them and be able to experience their hospitality and amazing cooking skills.

Þetta eru þið kærú félagar – Ég mun reyna að koma könnuninni inn á Lionssíðuna svo þið getið lesið öll svörin.

Ísland tók ekkert sérstaklega vel á móti hópnum í Keflavík, rok og lárétt húðar rigning og allir eins og druknaðar mýs þegar komið var í rútuna til Akureyrar. Allir vöknudú síðan í sól að morgni á Akureyri og veðrið var frábært allan tíman, sólin fylgdi hópnum síðan suður. Tvennir vel heppnaðir tónleikar voru svo rósín í hnappgatið og margir mættu ekki síst í Eldborg þar sem aðalsalurinn var fullur af fólki – það var ekki talið inn en Eldborg með hliðarstúkunum tekur um 850 manns í sæti.

Eftir tónleika í Eldborg

Bráðabirgða uppgjör sýnir að kostnaður við verkefnið er nokkuð á pari við áætlunina. Margir klúbbar styrktu verkefnið myndarlega og einnig Lionsfélagar með framlögum að verðgildi miða á tónleika. Fjölmargir styrktaraðilar utan hreyfingarinnar lögðu einnig lið t.d. Akureyrarbær sem greiddi allan kostnað við sali, æfingaaðstöðu og streymi í Hofi. Harpa tónlistarhús lét Eldborg í té endurgjaldslaust. Tónlistarskóli Akureyri lánaði alla sína aðstöðu ásamt því að hafa starfsmann sem tengilið alla dagana án gjalds. Menntaskólinn á Akureyri lánaði Hóla fyrir æfingar og félagsstarf. Matvæla fyrirtæki á Akureyri, Hauganesi og Húsavík létu okkur í té hráefni fyrir mótuneytið ýmist frítt eða á verulegum afslætti. SBA Norðurléið og Höldur bílaleiga sáu okkur fyrir rútum og bílum eftir þörfum á góðum kjörum.

Það kom mér verulega á óvart þegar mér var sagt að þau hefðu aldrei séð Lionsfélaga taka beinan þátt í verkefninu fyrr og svona marga. Það skýrir að einhverju leiti af hverju félagar okkar á Norðurlöndunum vilja leggja verkefnið af – þetta er ekki „þeirra“ verkefni.

Með kveðju, Anna, Björn, Stefán og Geirbrúður.



Að efla íslenskan birkiskóg

Dagný Finnsdóttir, umhverfisstjóri



Kæru félagar, hvetjum ykkur til þátttöku í - Að efla íslenskan birkiskóg!

Lions hefur skrifað undir viljayfirlýsingu við **Land og skóg** um áframhaldandi þátttöku í verkefninu „Söfnum og sáum birkifræi“.

ALLIR GETA TEKID ÞÁTT!

Lionsfélagar, fjölskyldur og vinir - börn, barnabörn og fólk á öllum aldri – geta tekið þátt í þessu gefandi verkefni.

Sjónrænt mat á magni birkifræja.

Kæru félagar leggjum einnig lið í könnun fræmyndunar á birkifræjum sem eru í þínu umhverfi.

Nú er hafin vinna við að **kortleggja** hversu mikið birkifræ finnst á trjám vítt og breitt um landið. Óskað er eftir aðstoð félaga í skógræktarfélögum um allt land við að kanna fræmyndun á birkitrjám á félagssvæðum sínum.

Skóðaðu birkitré á þínu svæði og settu **sjónrænt hversu mikið birkifræjum / rekum eru á trjámum.**

✉ Vinsamlegast sendu upplýsingar um niðurstöðuna sem fyrst til **umhverfisstjóra Lions, dsf@simnet.is**

📅 Stöfnt er að því að hleypa verkefninu formlega af stokkunum á degi íslenskrar náttúru **16 september**. Nánari upplýsingar verða kynntar félagsmönnum í gegnum netfangslista, á heimasíðu hreyfingarinnar og Facebook síðu hennar.

Tökum höndum

saman og söfnum birkifræi um allt land!

Lions – fyrir náttúruna og komandi kynslóðir.



Lionsblaðið breytingar fyrirhugaðar

Porkell Cýrusson, ritstjóri



Sælir ágætu lionsfélagar,

Ég tók við ritstjórn Lionsblaðsins í byrjun starfsárs 2014-2015 og hef verið ritstjóri allar götur síðan þá. Að taka við ritstjórn á blaðinu okkar var nokkuð kvíðafullt því ég vissi ekki raun út í hvað ég var að fara. En með hjálp fráfarandi ritstjóra, Guðmundar Rafnars Valtýssonar, og fleiri góðra manna hefur þetta gengið nokkuð skammlaust fyrir sig í öll þessi ár. Þegar ég byrjaði starf mitt voru gefin út 6 blöð á ári öll prentuð. Fljótlega var ég þó boðaður á fund ritstjóra í heiminum sem var haldinn í Berlín í Þýskalandi. Þar voru svo kynntar breytingar á útgáfu lionsblaða í heiminum. Þær breytingar snerust aðallega um það að minnka þann kostnað sem hlýst af útgáfu blaðanna. Alþjóðastjórn greiddi styrk, sem var svokallaður þýðingar- og svo prentstyrkur. Þessi styrkuppþæð dugði þó ekki alveg fyrir prentun blaðsins. Til þess að minnka kostnað þá var ákveðið að hætta að styrkja prentun og þýðingu blaða um 25% sem þýddi fyrir Ísland að við hættum að prent 6 blöð og var gert að prenta 4 blöð. Þannig var þetta í nokkur ár og eftir að ég var boðaður

ásamt öðrum ritstjórum til annars fundar sem þá var haldinn í Dublin í Írlandi þá grunaði mig að einhverjar fleiri breytingar væru fyrirhugaðar og já, það reyndist rétt því ákveðið var að hætta að styrkja prentun og þýðingu á blöðum út um allan heim um 25% og þetta þýddi að við gátum aðeins prentað tvö blöð á hverju starfsári. Ég reyndi að malda í móinn á þessum fundi en var lítið ágengt og fékk þær skýringar hjá stóru þjóðunum að þessir styrkir skiptu þá í raun engu máli þar sem þar væru reknar stórar ritstjórnarskrifstofur með starfsmenn á fullum launum allan ársins hring. Ísland er eitt af fáum löndum í heiminum sem gefa út lionsblað sem er ekki með starfsfólk í fullu starfi við útgáfu blaðsins.

Ég ásamt yfirstjórn Lions á Íslandi ákváðum að hætta að vinna blaðið með prentsmiðju (nema þau blöð sem verða prentuð) og ritstjóri mun taka algjörlega við uppsetningu blaðanna en þó til reynslu til að byrja með. Ég ákvað að skrifa þessa grein eftir að ég væri búinn að setja upp þetta fyrsta blað svo ég gæti greint frá hversu mikil vinna fer í þetta ferli. Ég verð að segja að vinnan er töluverð og þó nokkuð meiri en ég átti von á. Það er því ákaflega mikilvægt góðir félagar að greinum sé skilað á réttum tíma og ritstjóri hafi tíma til að vinna blaðið. Það má búast við að ýmislegt verði ábótavant við þetta blað sem ég bið ykkur lionsfélagar fyrirfram afsökunar á og reyni að gera betur í næstu blöðum, t.d. má nefna letur, myndir og fleira sem kemur til. Ég er með ákveðinn rýnihóp sem mun koma með uppástungur um breytingar til lagfæringa.



September—myndasíða


 Bryndís Ragnarsdóttir

 Sigríður Guðmundsdóttir



 Þorkell Cýrusson

 ON myndir

Bryndís Ragnarsdóttir:



Sigríður Guðmundsdóttir:



Þorkell Cýrusson - Myndir frá umdæmis- og fjölumdæmisfundi 5. september 2026



Orkerster Norden - Myndir frá heimsókn ung tónlistarfólks



Lions Clubs International
FOUNDATION

Reikningsnúmer vegna framlaga til Alþjóðahjálparsjóðsins:

0516 -26-7722, kt. 640572-0869



LCIF á Íslandi

Ágætu félagar.

LCIF – Alþjóðahjálparsjóðsteymið er skipað af stjórn LCIF til þriggja ára í senn og nær núverandi tímabil frá 2025-2028. Þetta er því mikil skuldbinding og hætta á að maður festist í sporunum og geri hlutina bara eins og í fyrra. Við höfum því markvisst reynt að brjóta upp starfið óhrædd við að prófa nýjungar, sumar virka og aðrar ekki. En engu að síður þá brjóta nýjungarnar upp hið hefðbundna starf og skila oft árangri sem að var ófyrirséður.

Árlega eru haldin viðamikil þriggja daga námskeið fyrir LCIF fulltrúa allra fjöllumdæma og umdæma. Þar eru markmið starfsársins kynnt og ítarlega farið yfir reglur og starfshætti sjóðsins. Í ár var að auki tekin upp sú nýbreytni að allir fulltrúar þurftu að taka námskeið á netinu og m.a.s. að þreyta próf í lokin. Við þremenningarnir munum sem sagt setjast á skólabeck helgina 11. – 13. september, ásamt LCIF-fulltrúum víðsvegar að úr Evrópu.

Við í LCIF teyminu erum þakklát fyrir alla fræðsluna sem okkur stendur til boða. LCIF er stærsti sjóður sinnar tegundar í heiminum og það er í mörg horn að líta. Það er líka ómetanlegt fyrir okkur að hitta félaga sem sinna sömu verkefnum í öðrum löndum og heyra þeirra sögur. Við erum alltaf að læra.

Starfsárið 2025-2026

Lionsárinu lýkur 30. júní ár hvert og við fáum því ekki endanleg uppgjör um árangur hvers árs fyrr en líður á júlí. Á síðasta starfsári voru framlög íslenskra Lionsfélaga rétt um USD 75.000. (um 9,4 mkr.) það er minnkun frá fyrra ári en þó nálægt USD 45 á hvern félaga. Að okkar mati eru helstu skýringar þær að í raun varð WICTU (Rafstöðvar til Úkraínu) 4 ekki að LCIF verkefni fyrr en seint á starfsárinu.

Við sóttum um tvo DCG styrki, annars vegar sóttu Lkl. Ösp og Lkl Akureyrar um styrk til tækjakaupa fyrir HSN (Heilbrigðisstofnun Norðurlands) fengu um kr. 800.000 og hins vegar sóttu umdæmin um styrk vegna Orkester Norden og fá rétt um 3,6 mkr. sú greiðsla á að berast á næstu tveimur vikum. Semsagt 4,4 mkr. til okkar til að magna starf Lions á Íslandi.

Markmið starfsársins 2026-2027 og valgreiðslur

Eitt af markmiðum LCIF er að sem flestir Lionsfélagar styrki sjóðinn, auk þess er það markmið okkar að allir Lionsklúbbar greiði til sjóðsins á hverju ári. Með þessi markmið í huga fórum við af stað með valgreiðslur fyrir Lionsfélaga í apríl síðastliðnum með þeim er ætlunin að bjóða félögum að styrkja LCIF fjórum sinnum á ári. Fyrsta greiðslan var kr. 2.000., í júní var send út greiðsla að fjárhæð kr. 3.000., núna í september kemur síðan þriðja greiðslan og sú fjórða í nóvember. Við minnum á að þeir sem greiða kr. 10.000.- eða meira njóta skattafríðinda. Árangurinn er sá að líðlega 300 Lionsfélagar hafa greitt aðra hvora greiðsluna og líklega um 150 báðar þeirra. Yfir kr. 900.000. hafa safnast með þessum framlögum og á tímabilinu 1. apríl til loka ágúst mánaðar samtals um 1,2 mkr. frá einstaklingum. Okkur barst ábending um að valgreiðslur sjást ekki í sumum heimabönkum og við erum að skoða hvort betra sé að hafa greiðsluna undir ógreiddum reikningum, ákvörðunin



Lions Clubs International
FOUNDATION

um það verður kynnt síðar. Þessa valgreiðsluhugmynd má síðan þróa nánar og tengja áföllum út í heimi t.d. flóðum, skógareldum eða öðrum náttúruhamförum.

Það er löng hefð fyrir LCIF-styrktarpinnunum. Eins og margir þekkja þá var útliti þeirra breytt árið 2023 og síðan þá hafa pinnarnir verið merktir sitjandi forseta. Fyrst Patti Hill, þá Fabricio Oliveira, á síðasta starfsári A.P. Singh og í ár Mark S. Lyon. Með þessu móti hafa pinnarnir öðlast aukið söfnunargildi fyrir utan hið augljósa markmið; að safna fé fyrir LCIF.

Klúbbur sem kaupir LCIF-styrktarpinna í nafni allra félaga verður 100% styrktarklúbbur LCIF.

Starfsárið er langt og margir klúbbar úthluta fjármunum ekki fyrr en í lok þess. Við ætlum að vera með tvo toppa í fjáröflun þessa starfsárs, þann fyrri núna fyrir jólin og seinni toppurinn verður í vor og endar fyrir þingið í maí. Við munum halda áfram að kynna LCIF fyrir Lionsfélögum, mæta á fundi, kynna starfið, efla þekkinguna og ná árangri.

Við ætlum að halda áfram að vera með laugardagsfundi. **Fyrsti fundurinn verður 26. september í Lionsheimilinu, Hlíðasmára 14, kl. 10 – 11.** Takið stundina frá. Við munum bjóða upp á kaffi og kleinur en dagskráin verður kynnt þegar nær dregur Kæru félagar.

Um leið og við þökkum stuðning við Alþjóðahjálparsjóðinn á síðasta starfsári, vonumst við eftir áframhaldandi góðu samstarfi þannig að framlög frá Lions á Íslandi haldist áfram rausnarleg.

Björn Guðmundsson,
Anna Fr. Blöndal og
Geirþrúður F. Bogadóttir



Lions Clubs International
FOUNDATION

Kæru félagar
Í reglum ríkisskattstjóra um skattaafslátt vegna framlaga til almannaheillafélaga, segir að framlög þurfi að vera að lágmarki kr. 10.000.- á almanaksárinu. Við munum því hækka tvær valgreiðslur af þeim þremur sem eftir eru á þessu almanaksári í kr. 3.000.- og vonumst til að sem flestir leggjast á áramnar með okkur og styðji sjóðinn!

Með Lionskveðju
Anna Fr. Blöndal
Björn Guðmundsson
Geirþrúður F. Bogadóttir

annabl@simnet.is
bjorn@byggd.is
gfb@ismennt.is